

STARFSREGLUR

fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins, forstöðumann (yfirlækni) þess og heilbrigðisráðunauta.

I. KAFLI

Stjórn og skipan.

1. gr.

1. Yfirstjórn Heilbrigðiseftirlits ríkisins er í höndum heilbrigðismálaráðherra. Að öðru leyti er stjórn Heilbrigðiseftirlits ríkisins í höndum forstöðumanns (yfirlækni) undir yfirstjórn landlækni.

2. gr.

1. Heilbrigðismálaráðherra skipar forstöðumann (yfirlækni) Heilbrigðiseftirlitsins að fengnum tillögum landlækni, sem leitar áhlits prófessorsins í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands.
2. Forstöðumaðurinn skal vera læknir með sérmenntun í heilbrigðisfræðum, maður með háskólapróf í heilbrigðisfræðum, eða maður með aðra háskólamenntun, sem fullnægir kröfum um sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti að mati ráðherra.
3. Stöðunefnd samkvæmt 33. gr. laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, skal meta hæfni umsækjanda um stöðu forstöðumanns, sé um lækni að ræða.

3. gr.

1. Heilbrigðismálaráðherra skipar heilbrigðisráðunauta, að fengnum tillögum forstöðumanns og landlækni, sem leitar áhlits prófessorsins í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands.
2. Heilbrigðisráðunautar skulu hafa aflað sér þeirrar undirbúningsmenntunar, sem heilbrigðismálaráðherra metur gildar.
3. Heilbrigðisráðunautar skulu vera 2 hið minnsta og búsettir í Reykjavík að jafnaði.
4. Heimilt er að fjölga heilbrigðisráðunautum í 3—4, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.
5. Heilbrigðismálaráðherra er heimilt að ákveða einum ráðunaut a. m. k. aðsetur í hverjum hinna þriggja landshluta, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi.

4. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur aðalaðsetur í Reykjavík.

II. KAFLI

Verksvið Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

5. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

2. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur og yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í landinu samkvæmt ákvæðum annarra laga og reglna, er hollustuhætti snerta og heilbrigðisnefndum ber að sjá um framkvæmdir á.
3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum opnberum aðilum, er um heilbrigðiseftirlit fjalla.
4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal stuðla að því, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu um hreinlætishætti fyrir þá, sem fást við matvæli og aðrar neysluvörur.
5. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal hafa forgöngu um eða stuðla að því að haldin séu námskeið fyrir þá er við heilbrigðiseftirlit fást.

6. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins fjallar um starfsleyfisumsóknir samkvæmt reglugerð nr. 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.
2. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal senda eiturefnanefnd, Náttúruverndarráði, Siglingamálastofnun ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins, umsóknir um starfsleyfi til umsagnar, ef ástæða telst til.
3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur kannað sjálft eða látið aðra aðila kanna hver þau atriði, er það telur þörf á, og aflað hvernna þeirra gagna, er það telur nauðsynlegt í sambandi við starfsleyfisumsókn. Þá getur það krafist umsækjanda um hver þau gögn og upplýsingar, sem það telur nauðsynlegt og hægt er með sanngirni að krefjast.
4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur til ráðuneytis um afgreiðslu starfsleyfisumsókna samkv. reglugerð nr. 164/1972.
5. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur á hendi yfirumsjón með því að ákvæðum reglugerðar nr. 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna sé hlýtt.

III. KAFLI

Valdsvið Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

7. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal leitast við að miðla málum komi til ágreinings milli heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar.
2. Takist sú málamiðlun ekki, þá má leita úrskurðar ráðherra. Sama gildir um héraðslækna og héraðsdýralækna, fái þeir ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem þeir telja nauðsynlegar.
3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur til landlæknis um framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, sem varðar almenningsheill, þar sem hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka, eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum.
4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er heimilt, álíti það að svo alvarleg hætta stafi af tiltekinni starfrækslu eða notkun, að aðgerðir þoli enga bið, að stöðva starfræksluna eða notkunina til bráðabirgða.
5. Slíkt skal tafarlaust tilkynnt hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefndin ekki á ráðstöfun þá skal Heilbrigðiseftirlit ríkisins eftir að heilbrigðisnefnd hefur skriflega tilkynnt því ágreininginn, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Skal ein greinargerð frá hvorum aðila fylgja málskotinu. Frestur heilbrigðisnefndar til málskotsins er ein vika frá því að tilkynningin barst henni, en innan viku þar frá skal Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafa afgreitt skjöl málsins til ráðherra.
6. Málskotið frestar ekki upphaflegri ákvörðun Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

7. Heilbrigðiseftirliti ríkisins skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að öllum þeim stöðum, þar sem fram fer starfræksla eða notkun í samræmi við 10. gr. laga nr. 12/1969.
8. Sé fyrirmælum um mengunarvarnir eigi hlýtt, þá skal Heilbrigðiseftirlit ríkisins þegar í stað setja þeim er hlut eiga að máli, hæfilegan frest, til úrbóta. Séu þau fyrirmæli einnig að engu höfð, þá skal Heilbrigðiseftirlitið tilkynna heilbrigðismálaráðherra um málið, og ákveður hann hvaða viðurlögum skuli beitt.
9. Telji Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að svo alvarleg mengunarhætta stafi af eiturefnum eða hættulegum efnum, frá tiltekinni verksmiðju eða iðjuveri, og að aðgerðir þoli enga bið, þá er Heilbrigðiseftirliti ríkisins heimilt að stöðva til bráðabirgða með lögregluvaldi rekstur eða framleiðslu verksmiðjunnar eða iðjuversins. Skýrslu um þessar aðgerðir ásamt nauðsynlegum rökstuðningi og gögnum, skal Heilbrigðiseftirlitið senda heilbrigðismálaráðherra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu að fenginni greinargerð hannþola.
10. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur um stöðvun á rekstri verksmiðja eða iðjuvera, hafi starfsleyfis eigi verið aflað, eða hafi fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra um sérstakar ráðstafanir um varnir gegn mengun eigi verið hlýtt.

IV. KAFLI

Störf forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

8. gr.

1. Forstöðumaður veitir Heilbrigðiseftirliti ríkisins forstöðu.
2. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins er ráðunautur heilbrigðisyfirvalda og heilbrigðisnefnda.
3. Forstöðumaður leiðbeinir heilbrigðisráðunautum í daglegum störfum þeirra og skipuleggur störf þeirra.
4. Forstöðumanni ber að fylgjast sem best með öllum nýmælum í íslenskum rétti og að viðhalda og auka kunnáttu sína m. a. með því að fylgjast með þróun þessara mála erlendis.
5. Forstöðumaður getur falið heilbrigðisráðunautum forsjá einstakra málefna til lengri eða skemmri tíma.
6. Forstöðumaður getur í samræði við heilbrigðismálaráðherra ráðið sérfræðinga eða aðra aðstoðarmenn til starfa til að annast tiltekna rannsóknir og eftirlit gerist þess þörf.
7. Forstöðumaður skal, verði þess óskað, halda fyrirlestra í Háskóla Íslands, í læknaeild, raunvísindaeild um málefni, er snerta hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
8. Forstöðumaður skipuleggur skýrslugerðir heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa á sviði heilbrigðiseftirlits með því að gefa út eyðublöð í því skyni o. s. frv.
9. Forstöðumaður sinnir kvörtunum almennings, hafi þær ekki borið árangur eftir öðrum leiðum, en heimilt er honum að fela heilbrigðisráðunautum að sinna einstökum málaflokkum.
10. Allar meiri háttar ákvarðanir t. d. þær sem snerta fjármál aðila, skal bera undir forstöðumann.
11. Forstöðumanni ber að kynna sér með árlegum ferðalögum um landið, ástand hollustuhátta sem víðast og gera viðkomandi heilbrigðisnefndum aðvart um það sem ábótavant er, og lætur, ef þess er þörf, aðstoðarmenn sína eða þar til kvadda sérfræðinga, gera nánari úttekt á einstökum þáttum heilbrigðiseftirlits og hollustuhátta á staðnum.
12. Forstöðumaður skal árita alla reikninga Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

V. KAFLI

Heilbrigðisráðunautar.

9. gr.

1. Heilbrigðisráðunautar skipta með sér verkum innan Heilbrigðiseftirlits ríkisins eftir fyrirmælum forstöðumanns.
2. Heilbrigðisráðunautar skulu halda dagbók um dagleg störf sín, hvort sem er á skrifstofu Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða utan þess á ferðalögum.
3. Heilbrigðisráðunautar skulu gefa forstöðumanni skýrslu um ferðir sínar á vegum stofnunarinnar, þegar að þeim loknum, hvort sem ferðin hefur leitt til bráðabirgðaniðurstöðu eða endanlegrar niðurstöðu.
4. Heilbrigðisráðunautum ríkisins ber skylda til að fara að fyrirmælum forstöðumanns þegar hann kveður þá til ferðalaga í þágu stofnunarinnar til rannsóknæftirlits.
5. Heimilt er forstöðumanni að kveðja heilbrigðisráðunauta til annarra starfa en þeirra, sem þeir eru beinlínis ráðnir til að framkvæma. sé slíkt á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og megi slíkt teljast sanngjarnt og viðráðanlegt.
6. Heilbrigðisráðunautum ber að kappkosta að viðhalda menntun sinni og hjálfun í starfi með því að kynna sér lög og reglur og öll framkvæmdaratriði, sem lúta að starfi þeirra, jafnframt því að sækja námskeið þar að lútandi hvenær sem tækifæri gefst.
7. Heilbrigðisráðunautar eiga kröfu á að fá greiddan ferðakostnað samkvæmt samningum og samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytis.
8. Heilbrigðiseftirlitið leggur heilbrigðisráðunautum til bifreið til slíkra utanbæjarferðalaga, nema heilbrigðisfulltrúar vilji frekar nota eigin bifreiðir, sem þeir þá leigja Heilbrigðiseftirlitinu til langferða, skv. sérstökum samningi þar um.

VI. KAFLI

Þagnarskylda.

10. gr.

1. Hver sá starfsmaður, sem les eða ritar bréf, sem Heilbrigðiseftirliti ríkisins berst eða sent er frá því, er bundinn algjörri þagnarskyldu um allt það er þar er fjallað um og má eingöngu ræða um efnið við forstöðumann.
2. Sama þagnarskylda gildir um hvers konar vitneskju sem starfsmaður öðlast í starfi sínu á vegum Heilbrigðiseftirlitsins.
3. Þagnarskylda fellur ekki niður, þótt látið sé af störfum í Heilbrigðiseftirliti ríkisins, sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

1. Starfsreglur þessar eru settar skv. 4. málsg. 8. gr. i. f. laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í 20. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.